

Ed.

115. Tillaga til þingsályktunar

[99. mál]

um nýtt skipulag á verðlagsmálum landbúnaðarins.

Flm.: Stefán Jónsson, Helgi F. Seljan, Geir Gunnarsson, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela landbúnarráðherra að láta undirbúa frumvarp um breytingu á lögum nr. 101 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., er miði að því að Stéttarsambands bænda semji milliliðalaust við ríkisstjórnina a. m. k. til eins árs í senn um verðlagsgrundvöll landbúnaðarvara og heildsöluverð þeirra og önnur mál er varða réttindi og kjör bænda.

Gert skal ráð fyrir því, að bændur hafi óskoraðan samningsrétt um málefni sín til jafns við aðrar stéttir.

Frumvarp þetta skal lagt fyrir Alþingi eigi síðar en í febrúarlok næstkomandi svo að tími gefist til að afgreiða það fyrir þinglok.

Greinargerð.

Fyrirkomulag það, sem nú gildir um verðlagningu búvöru, hefur þegar fyrir löngu gengið sér til húðar. Sex manna nefndin, er tryggja skyldi umfjöllun framleiðenda og neytenda um sameiginleg hagsmunamál, er ekki lengur skynsamlegur umfjöllunaraðili þar eð fulltrúar neytenda í nefndinni eru orðnir umboðslausir. Gerðardómurinn hefur í raun reynst skálkaskjól ríkisvaldsins með þeim afleiðingum að bændastéttin má una skertum launum frá því sem kveðið er á um í lögum svo að nú munar riflega fimmtungi frá þeim launum sem tilgreindar viðmiðunarstéttir njóta.

Efalaust er að ríkisvaldið er eini aðilinn sem bændur geta samið við um verðlagsmál framleiðsluvöru sinnar og önnur kjaramál. Verðlagningarkerfi það, sem nú er stuðst við, hefur leitt til þess að landbúnaðarframleiðslan, sölumálin og þar með kjaramál bænda í heild hafa lent í vitahring í efnahagskerfinu, og er nú svo komið að fulltrúar bænda sjálfra virðast vera farnir að trúá því að offramleiðsla sé helsta vandamál stéttarinnar. Hið sanna í málinu er hins vegar að framleiðsla búvöru hefur ekki aukist síðustu árin. Þótt slíkt hefði raunar verið eðlilegt þegar tekið er tillit til fólksfjölgunar. Aftur á móti hefur verðlagning búvöru með skertum niðurgreiðslum, ásamt sveiflum í kaupmætti, valdið því að kaupgeta launastéttanna hefur orkað á neyslu búvöru innanlands. Tvisvar hefur það gerst á þessu tímabili, hið fyrri sinnið í samstjórn Siálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, hið síðara sinnið nú í samstjórn Siálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, að kaupmáttur launastéttanna hefur verið skertur svo, samtímis því sem verðlag á búvöru hefur verið hækkað, að fólk hefur orðið að spara við sig neyslu þessarar hollu fæðu. Afleiðingin hefur orðið sú, að fyrir hafa safnast birgðir af landbúnaðarafurðum. Reynt hefur sýnt, að þegar kaupgeta launafólks er sáemileg samtímis því sem verðlagi búvöru er haldið í eðlilegu horfi, hefur markaðurinn innanlands reynst meira en nógur fyrir framleiðsluvörur bænda. — Af þessum sökum má telja auglýóst, að alls ekki sé ástæða til þess að hvetja bændur til að draga úr framleiðslu sinni, heldur brún nauðsven að koma verðlagsmálum landbúnaðarins í eðlilegt sambengi við kaupgetu alþýðu. Liegur þá beint við að hugleiða hvort ekki sé betur varið því fé, sem nú rennur til útflutningsbóta á búvöru, með því að auka niðurgreiðslur vörunnar innanlands og auðvelda landsmönnum þannig framfærslu samtímis því sem vandamál útflutningsins yrðu leyst. Eðlilegt er að reikna með nokkurri umframframleiðslu búvöru í góðæri og má því búast við að jafnan þurfi að grípa til útflutningsuppbóta öðru hverju. Þyrfti þá að koma málunum fyrir á há lund að miðað verði við ákveðna hlutfallstölu. — 10—15% — af verði hlutaðeigandi framleiðsluvöru á viðkomandi verðlagsári, fremur en við heildarframleiðslu búvöru.

Að dómi flutningsmanna er varla ástæða til að ætla að samningar geti ekki tekist milli stéttarsamtaka bænda og ríkisvaldsins um kjaramálin. Fari hins vegar svo að samkomulag takist ekki, verður að ætla bændum sama rétt og öðrum stéttum til þess að knýja á um kjör sín.

Að endingu leggja flutningsmenn megináherslu á það, að fulltrúar stéttarsamtaka bænda þurfi að taka ríkara tillit, framvegis en hingað til, til þess órjúfanlega samhengis, sem hlýtur að verða milli kaupgetu launastéttanna yfirleitt og hagsmuna bændastéttarinnar, og telja að erindrekum bænda sé nú sæmra að rýna eftir pólitískum orsökum þeirra þrenginga, sem bændastéttin á nú í, heldur en að telja kjark úr bændum í kjarabaráttunni með því að velta yfir á þeirra herðar ábyrgð á rangri ríkisstjórnarstefnu.